

## Skólaráðsfundur 16. október 2024

Mætt: Rafn Markús Vilbergsson skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Kristbjörg Eyjólfsdóttir fulltrúi kennara, Anna Kristín Friðriksdóttir fulltrúi kennara, Særós Pálsdóttir fulltrúi starfsmanna, Magnea Ósk fulltrúi foreldra, Hilma Hólmfríður fulltrúi foreldra, Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Kristinn Einar formaður nemendaráðs og fulltrúi nemenda, Hafdís Inga Sveinsdóttir fulltrúi nemenda.

1. Rafn M. Vilbergsson, skólastjóri, fór yfir dagskrá fundar
2. Rafn fór yfir fulltrúa í skólaráði og hlutverk þeirra, fundagerðir eru á heimasíðu og fór yfir starfsáætlun skólaráðs yfir skólaárið.
3. Rafn fór yfir skólabyrjun
  - a. Framkvæmdir í sumar og hvað er framundan, nýir gluggar og klæðning á húsnæðinu. Eins hefur verið ítrekað til USK hjá Reykjanesbæ um stækkun á skólanum til að koma til móts við félagsstarf nemenda og frístundaheimili skólans.
  - b. Nemendafjöldi – fjölgun um 60 nemendur frá hausti á síðasta skólaári. Margir nemendur komu úr Grindavík sem er áskorun en jákvætt. Fjölgun nemenda hefur haft það í för með sér að það hefur einnig fjölgað starfsfólki.
  - c. Farið yfir viðburði á vegum nemendaráðs
  - d. Starfsáætlanir skólans, Njarðvíkurskóli, sértækt námsúrræði Björk og sértækt námsúræði Ösp.
4. Rafn fór yfir starfsáætlun fyrir sértæk námsúrræði Reykjanesbæjar, Björk og Ösp.
5. Guðný fór yfir starfsáætlun Njarðvíkurskóla og hún var svo borin upp til samþykktar og undirrituðu fundarmenn skjal þess til staðfestingar.
6. Rafn fór yfir áherslur skólaársins. Eitt af því er aukið samstarf heimilis og skóla og Rafn fór yfir fyrirlestra og kynningar sem eru á næstunni fyrir forráðamenn og starfsfólk
7. Önnur mál:
  - a. Spurt um aðgang að skápum, Rafn mun athuga hjá Einöru stöðuna á fjölda á lausum skápum
  - b. Hilma spurðist út í fundartíma og hvort það væri hægt að hafa hann í lok vinnudags. Rætt um að það kemur sér illa fyrir þá nemendur sem sitja fundinn.
  - c. Rafn sýndi þrívíddarmyndband frá skólanum okkar sem Hermann Valsson tók og gaf skólanum.

Fundarritari: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri Njarðvíkurskóla